



FHG

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

11. nóvember 2020

Efni: Beiðni um niðurfellingu á fasteignagjöldum

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og fyrirtæki í hótél og gistiþjónustu (FHG) sendu öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga erindi. Í erindinu var kallað eftir aðgerðum af hálfu sveitarfélaga að þau myndu krefjast þess við stjórnvöld að fasteignagjöld yrðu felld niður eða greiðslu þeirra frestað til ákveðins tíma til að koma til móts við fyrirtæki í ferðapjónustu.

Nokkur samtök sveitarfélaga og sveitarfélög hafa svarað erindi SAF og FHG. Þau eiga það sammerkt að þar er tekið fram að fasteignagjöld séu hluti af lögbundnum tekjum sveitarfélga skv. lögum nr. 4/1995. Sveitarfélögin hafi því lítið svigrúm til að bregðast við og að allar breytingar þurfi að fara í gegnum Alþingi. Til stuðnings benda þau á heimild til frestunar greiðslu fasteignargjalda sem var samþykkt á Alþingi 30. mars sl. Sveitarfélögin hvorki geta né mega afsala sér lögboðnum tekjustofni.

Krafa samtakanna

Heimsfaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á ferðapjónustuna. Alþingi hefur samþykkt ýmis lög í þeim tilgangi að styðja við atvinnurekendur, halda uppi atvinnustigi og þar með stuðla að minni samdrætti en ella. Aðgerðir stjórnvalda og sveitarfélaga þurfa að vera með þeim hætti að tryggja að atvinnulífið verði í stakk búið til þess að taka kröftuglega við sér þegar áhrif heimsfaraldursins taka að réna og viðspyrnan hefst.

Ein af aðgerðum stjórnvalda sl. vor var sú að gera gjaldendum fasteignaskatts, sem áttu við tímabundna rekstarörðuleika að stríða vegna tekjufalls, heimild til að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts á gjalddaga 1. apríl 2020–1. janúar 2021.

Í dag er öllum ljóst að frestunin er skammvinn og óvissan enn mikil enda er heimsfaraldurinn mun lífseigari en fyrst var áætlað í upphafi. Það er alveg ljóst að fastkostnaður atvinnurekenda gerir lífróður þeirra erfiðann og því þurfi frekari aðgerðir til að draga úr þeim kostnaði. Þar spila fasteignagjöld stóran hluta.

Atvinnurekendur í ferðapjónustu sem reka t.d. hótél, hópferðafyrirtæki og afþreyingu þurfa því nauðsynlega að fá niðurfellingu fasteignargjalda. Ef ekki niðurfellingu þá frestun, ef ekki frestun þá lengingu í lögveði fasteignaskatta vegna ákveðinna ára.

Samtökin krefjast þess að stjórnvöld felli niður fasteignagjöld eða fresti greiðslum þeirra og óska eftir fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem allra fyrst til að fara yfir kröfu samtakanna.

Samtökin sendu meðfylgjandi erndi til Landshlutasamtakanna

Virðingarfyllt

f.h. Samtök ferðapjónustunnar

f.h. Fyrirtæki í hótél- og gistiþjónustu

Jóhannes Þór Skúlason

Kristófer Oliverson